

GJALDSKRÁ um sorphirðu í Hafnarfirði.

1. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald.

2. gr.

Sorphirðugjald skal lagt á allar íbúðir sem virtar eru í fasteignamati. Einnig skal sorphirðugjald lagt á aukaíbúðir í húsum sem virtar eru í fasteignamati sem óskiptar eignir.

Sorphirðugjaldinu er ætlað til að standa undir kostnaði við sorphirðu, sorpeyðingu, urðun sorps, ásamt kostnaði við rekstur endurvinnslustöðva og grenndarstöðva.

3. gr.

Sorphirðugjald skal vera kr. 17.000 fyrir hverja íbúð og er það miðað við eina sorptunnu. Hægt er að óska eftir auka tunnu við íbúð og er greitt fyrir hverja auka tunnu kr. 17.000.

4. gr.

Sorphirðugjaldið greiðist til bæjarsjóðs Hafnarfjarðarkaupstaðar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greitt á eindaga auk áfallins innheimtu-kostnaðar.

Sorphirðugjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár frá gjalddaga.

5. gr.

Þar sem sorphirða fer fram samkvæmt sérstakri þjónustubeiðni skal innheimta sorphirðugjaldsins vera samkvæmt reikningi fyrir sannanlegum kostnaði.

Þar sem sorphirða er sérstaklega flókin og kostnaðarsöm skal heimilt að leggja á aukagjald fyrir sannanlegum kostnaði.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar 17. desember 2010, er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjaldskráin tekur gildi frá og með birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda.

Hafnarfirði, 21. desember 2010.

Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, staðgengill bæjarstjóra.